

1. fundur stjórnar AP, starfsárið 2013-2014

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík miðvikudaginn 26. júní 2013 kl. 15:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Haraldur Bóasson tilkynnti forföll við upphaf fundar.

1. Stjórnin skiptir með sér verkum

Margrét Bjarnadóttir aldursforseti gerði tillögu um Sigurgeir Höskuldsson sem formann. Var það samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn fundarins.

Aðalsteinn Á. Baldursson bar upp tillögu um Margréti Bjarnadóttur sem varaformann og Harald Bóasson sem ritara. Var tillagan samþykkt samhljóða.

2. Rekstraryfirlit – júní 2013

Framkvæmdastjóri fór yfir samantekt úr rekstri félagsins það sem af er ári og er reksturinn í jafnvægi og að mestu skv. samþykktri rekstraráætlun ársins. Ákveðnar verkefnatekjur í rekstraráætlun ársins eru þó ekki í hendi en þær eru forsenda þess að áætlunin gangi eftir varðandi jafnvægi í rekstri ársins.

3. Verkefnayfirlit – júní 2013

Framkvæmdastjóri fór yfir og gerði grein fyrir helstu verkefnum starfsmanna undanfarna mánuði og hvað helst væri framundan.

4. Aurora Observatory – þátttaka í stofnun sjálfseignarstofnunar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið í framhaldi af bókun stjórnar 16. apríl sl. (liður 4). Fyrir liggur samkomulag um þátttöku Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf., Kjarna ehf., Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. og Arctic Portal ehf. um þátttöku í stofnun sjálfseignarstofnunar sem hafi það hlutverk að kaupa land og byggja upp aðstöðu til norðurljósarannsókna sem leigð verði Polar Institute of China (PRIC) sem kosta mun allar fjárfestingar og rekstur aðstöðunnar.

Lögð fram drög að skipulagsskrá þar sem gert er ráð fyrir ofangreindum stofnendum ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf.

Samþykkt að félagið taki þátt í stofnun sjálfseignarstofnunarinnar á grundvelli skipulagsskrárinnar og Reinhard Reynisson tilnefndur í stjórn hennar.

5. Erindi Hvannalinda ehf. – ósk um hlutafjárkaup

Fyrir liggur erindi frá Hvannalindur ehf. um kaup á hlutafé í félaginu fyrir allt að

kr. 3.000.000,- á genginu 5. Fyrir liggur einnig greinargerð aðaleiganda um innborgað hlutfé og gengi á því ásamt greiðsluáætlun félagsins til tveggja ára.

Eftir umræðu var samþykkt að fresta afgreiðslu og óska frekari skýringa á forsendum fyrir því gengi sem boðið er á hlutabréfin.

6. Hálendisvegir ehf. – þátttaka í stofnun félags

Vísað er til fundargerðar stjórnar 7. maí sl. (liður 3 a). Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir kynningarfundum sem haldin var á Hótel Reyhlið 20. þ.m. Einnig kynnti hann hugmyndir þess efnis að sveitarfélög á Austurlandi og Norðausturlandi, samtök þeirra og stofnanir á svæðinu stofnuðu með sér einkahlutfélaga sem tæki að sér nauðsynlegan undirbúning vegna lagningar þjóðbrautar um hálendið milli Þjórsársvæðis og Austurlands norðan Vatnajökuls inná Kárahnjúkaveg og norður um með tengingu við þjóðvegakerfið í Bárðardal og /eða Mývatnssveit.

Samþykkt að AP taki þátt í stofnun félags um ofangreint verkefni með allt að 200 þús. kr. hlutfjárframlagi.

7. Endurútgáfa göngukorta nr. 2 og 3

Kort nr. 2 og 3 af *Útivist og afþreying* eru uppseld og talsverð eftirspurn eftir þeim. Lagt fram minnisblað þar sem gerð er grein fyrir kostnaði og væntum tekjum vegna endurútgáfunnar. Samþykkt að endurútgæfa kortin á þeim forsendum sem þar koma fram.

8. Farþegakönnun á Húsavíkurflugvelli

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir farþegakönnun sem ráðgert er að framkvæma á Húsavíkurflugvelli, m.a. í samstarfi við Flugfélagið Erni.

Samþykkt að AP hafi umsjón með framkvæmd með því að vera verkkaupi af framkvæmdaraðila sem er *Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar* og taki þátt í kostnaði enda gangi önnur fjármögnun, þ.m.t. styrkveiting frá Norðurþingi, eftir eins og kynnt er.

9. Staða Vaxtarsamnings Norðausturlands 201-2013

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir starfsemi VAXNA það sem af er en samningurinn gildir til áramóta. Framkvæmd samningsins hefur gengið vel eftir að hún komst af stað að afloknu uppgjörsferli eldri samnings. Samtals hafði samningurinn til ráðstöfunar rúmar 88 mkr. að meðtöldum eftirstöðvum úr eldri samningi. Þegar hefur verið ráðstafað 52,4 mkr. til styrkvilyrða og áætlaður kostnaður vegna sérverkefna og reksturs er um 5,3 mkr. og því eru rúmar 30 mkr. eftir til ráðstöfunar til styrkvilyrða. Verkefnisstjórn samningsins gerir ráð fyrir þremur úthlutunum í haust og til áramóta.

10. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að í ár er AP gestgjafi á árlegum haustfundi atvinnuþróunarfélaganna, þar sem starfsmenn þeirra hafa komið saman og fjallað um það sem á þeim og starfseminni brennur hverju sinni ásamt því að gera sér glaðan dag.
- b) Samþykkt að nýta Dropbox sem gagnasvæði stjórnar og framkvæmdastjóra falið að opna svæði og deila aðgangi til stjórnarmanna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:10